

### **153. Þingflokksfundur, mánudaginn 15. febrúar 2016 kl. 13.**

Fundinn sitja: Alla, Birgitta og Helgi Hrafn. Ásta forfallast vegna veikinda.

Fundargerð ritar: Berglind Rósa.

#### **1. Fundargerðir**

Fundargerðir síðustu funda voru samþykktar af viðstöddum.

#### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

#### **3. Bréf af þingflokksformannafundi og forsætisnefnd**

Birgitta brífaði af fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar.

Helgi Hrafn brífaði af fundi forsætisnefndar. Þingflokkurinn ræddi um OPCAT og æltar Alla að hafa samband við viðeigandi aðila.

#### **4. Bréf úr nefndum (og nefndarálit)**

Rætt var um kærunefnd útlendingamála en frumvarp þess efnis verður til umræðu á fundi allsherjar- og menntamálanefndar í fyrramálið. Alla gerði grein fyrir stöðu nefndarálitanna sem hún hefur haft í vinnslu. Alla gerði jafnframt grein fyrir stöðu mála í stjórnarskrárnefnd og málið var rætt.

#### **5. Yfirkjörstjórn Suðvestur**

Alla setur tilkynningu inn á Pírataspjallið.

#### **6. FJÁR-austurs**

Ákveðið var að koma málinu í fyrirspurnarfarveg.

#### **7. Höfundaréttarnefnd skipuð hagsmunaaðilum**

Ákveðið var að koma málinu í fyrirspurnarfarveg.

#### **8. Spurningar um stjórnsmál**

Berglind hefur samband við Halldóru og athugar hvort hún geti tekið að sér að svara spurningalistanum.

#### **9. Vanefndir á loforðum um uppbyggingu nets á landsbyggðinni**

Málið verður tekið fyrir ítarlega á næsta þingflokksfundi.

#### **10. Endurskoðun kosningalaga**

Málið verður rætt á þingflokksfundadegi eftir viku.

#### **11. Búnaðarþing**

Þingflokkurinn sér sér ekki fært að mæta. Berglind sendir póst.

#### **12. Boð í Hegningarhúsið og á Hólmsheiði**

Alla óskar eftir heimsókn mánudaginn 22. febrúar.

#### **13. Önnur mál**

Ákveðið var að halda þingflokksfund mánudaginn 22. febrúar kl. 10. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.20.